

Árlegt stöðumat (ARCP)

Árlegt stöðumat er formlegt, skipulagt og vottað mat á frammistöðu námslæknis. ARCP er gert einu sinni á ári hjá öllum námslæknum. Þetta er skipulagt sem næst áraskiptum hjá námslækni. ARCP fer fram í janúar og júní ár hvert. Í júní ARCP fundinum er viðstaddur aðilli frá Royal College of Physicians sem liður í erlendri vottun á prógramminu.

Við árlegt stöðumat eru viðstaddir:

- Tveir til þrjú kennslustjórar sem stýra ARCP
- Einn kennslustjóri/sérfræðilæknir frá annarri sérgrein
- Verkefnastjóri framhaldsnámsins
- Einn utanaðkomandi áheyrnarfulltrúi

Í árlegu stöðumati er námslæknir metinn miðað við ákvörðunartól fyrir framhaldsnámið og til þess er ePortfolio námslæknis skoðað og byggir matið á mismunandi tegundum af vottuðum matsblöðum fyrir starfstengt mat, umsögnum sérfræðilækna, ásamt skýrslu sérnámshandleiðara (Annual ES report) og önnur skjöl er námslæknir hleður inn til að sýna fram á að hæfniskröfum fyrir framhaldsnáminu sé mætt.

Árlegt stöðumati lýkur með því að námslæknir fær ákveðna útkomu sem getur verið:

Niðurstaða þessa mats getur verið:

- 1: Ásættanlegur framgangur – hefur staðist hæfniskröfur og heldur áfram í námi.
- 2: Þörf á frekari vinnu að ákveðnum hæfniskröfum. Krefst ekki viðbótartíma í námi.
- 3: Ófullægjandi framgangur – þörf á viðbótartíma í námi.
- 4: Námslæknir leystur úr prógrammi með eða án upplýsinga um árangur.
- 5: Sýnt fram á ófullnægjandi upplýsingar – hugsanleg þörf á viðbótartíma í námi.
- 6: Hefur staðist allar hæfniskröfur framhaldsnáms. Heldur áfram til frekara náms.

Sú útkoma sem námslæknir fær í ARCP ræður því hvernig framgangur námslækni fær.

Niðurstaða úr ARCP er aðgengileg fyrir námslækni í ePortfolio seinast þremur dögum eftir árlega stöðumatið.

Þeir námslæknar sem ekki fá útkomu 1 eða útkomu 6 eru boðaðir í viðtal í kjölfar árlega stöðumatsins til að ræða niðurstöðuna og ráðlögð næstu skref.